

Ed. **519. Frumvarp til laga** [199. mál]
um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946,
um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsg. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenskar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Frá og með 1. jan. 1953 skal auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.

Á 2. verðlagssvæði með 2. barni kr. 300.00, með 3. barni kr. 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur og ógiftar mæður, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri sínu, skulu, auk barnalífeyris, eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Þegar svo stendur á, sem í 3. málsgr. 40. gr. og 2. málsgr. 53. gr. laganna segir, skal eigi greiða hærri fjölskyldubætur með dagpeningum en svo, að fullum fjölskyldubótum nemi samkvæmt 30. gr. laganna.

4. gr.

5. tölul. 21. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.

5. gr.

24. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árin 1953 og 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði kr. 455.00
Á 2. — — 365.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði — 410.00
Á 2. — — 330.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði — 305.00
Á 2. — — 245.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:

Á 1. verðlagssvæði kr. 5.45 á viku.
Á 2. — — 4.10 — —

3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:

12.6 millj. kr.

4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:

20.4 millj. kr.

6. gr.

25. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgða-ákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marz-mánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

7. gr.

36. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febr. 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1 1952 og gefa þau út svo breytt. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 112/1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desembermánuði s. l. stóð yfir hér á landi umfangsmikil vinnudeila, svo sem kunnugt er. Samtökum atvinnurekenda og verkamanna reyndist ókleift að ná samkomulagi um ágreiningsefni sín, og vinnudeila þessi leystist þá fyrst, er að tilhlutun ríkisstjórnarinnar voru bornar fram ákveðnar tillögur til lausnar henni. Í tillögum ríkisstjórnarinnar var eitt mikilvægasta ákvæðið það, að ríkisstjórnin skyldi, ef sættir tækjust, beita sér fyrir því, að fjölskyldubætur yrðu auknar frá því, sem þær eru nú, þannig að nokkrar bætur yrðu greiddar þegar með öðru barni í fjölskyldu, en nú hefjast fjölskyldubætur fyrst með fjórða barni í fjölskyldu. Þá var og fallið á, að fjölskyldubætur skyldu eftirleiðis ná til ekkna og einstæðra mæðra, þannig, að þær skyldu njóta sömu fjölskyldubóta og hjón njóta vegna barna sinna, og eru slíkar bætur nefndar mæðralaun í frumvarpi þessu.

Þar sem samningar tókust í vinnudeilunni, m. a. fyrir þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, ber nú nauðsyn til þess, að bornar séu á ný fram breytingar og viðaukatillögur við almannatryggingalögin. Að athuguðu máli þykir fyrir margra hluta sakir hagkvæmara að sameina í ein lög breytingar þær, sem nú verða gerðar, og breytingar þær, sem gerðar voru á almannatryggingalögunum á Alþingi 19. desember 1952, nú lög nr. 112 frá 29. des. 1952. Eru ákvæði þeirra laga tekin upp í frumvarp þetta og gert ráð fyrir því, að ef það verði lögfest, verði lög nr. 112/1952 úr gildi numin. Ákvæði laga nr. 112/1952 felast í 1., 2., 4. og 7. gr. frumvarps þessa og er þar aðeins ein breyting. Hún er við 4. gr. frumvarpsins og er varðandi vísitölu þá, sem verðlagsuppbót er reiknuð eftir, og þarfnast það atriði ekki sérstakra skýringa.

Nýmæli í frumvarpi þessu eru í 3., 5. og 6. grein frumvarpsins, og er gerð hér á eftir nokkur grein fyrir efni þeirra og hvern kostnað samþykkt þeirra mun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, sveitarsjóði og einstaklinga, og er ekki ástæða til að taka fleira fram um þau efni en þar er gert.

Að lokum er svo í 8. grein frumvarpsins lagt til, að fella meginmál þessa frv., ef að lögum verður, inn í lög nr. 1/1952 og gefa þau út svo breytt.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 3. gr.

Fjölskyldubætur eru nú aðeins greiddar þeim foreldrum, sem hafa fjögur börn eða fleiri undir 16 ára aldri á framfæri og ekki njóta barnalífeyris. Nema þær kr. 1860.00 á ári á fyrsta verðlagssvæði og kr. 1395.00 á öðru verðlagssvæði fyrir hvert barn umfram þrjú í fjölskyldu, hvort tveggja miðað við 155 stiga vísitölu. Bætur þessar greiðast án tillits til efnahags eða tekna.

Í þessari grein er lagt til, að fjölskyldubætur verði einnig greiddar með öðru og þriðja barni. Nema viðbótarfjölskyldubætur þessar fyrir annað barn þriðjungi og fyrir þriðja barn helmingi af fullum fjölskyldubótum, eða kr. 620.00 fyrir annað barn og kr. 930.00 fyrir þriðja barn á fyrsta verðlagssvæði, og tilsvarendi á öðru verðlagssvæði.

Allir þeir, sem nú njóta fjölskyldubóta, eiga samkv. greininni að fá viðbótarfjölskyldubætur með tveimur börnum. Auk þess bætast við fjölskyldubætur til

þeirra, sem eiga tvö börn eða þrjú og engra fjölskyldubóta hafa notið til þessa. Tryggingastofnunin hefur nákvæmar skrár yfir allar þær fjölskyldur, þar sem börnin eru fjögur eða fleiri, og tölu þeirra barna, sem þar bætast við. Hins vegar liggja ekki fyrir skýrslur um tölu fjölskyldna með tvö og þrjú börn, og eru því áætlanir um tölu barna í þeim fjölskyldum eingöngu byggðar á líkum. Nú njóta um 3000 fjölskyldur fjölskyldubóta, og bætast því við hjá þeim um 6000 börn, þ. e. annað og þriðja barn í hverri þeirri fjölskyldu. Fjölskyldur með þrjú börn eru áætlaðar um 3700 og með tvö börn um 5500. Fjöldi barna, sem viðbótarfjölskyldubætur greiðast fyrir, verður því alls um 19000. Áætluð meðalgreiðsla vegna hvers barns er um kr. 660.00 á ári, miðað við vísitölu 155, og verður þá útgjaldaaukningin um 12.5 milljónir króna.

Þá er einnig svo fyrir mælt í greininni, að ekkjum og ógiftum mæðrum, sem hafa tvö börn eða fleiri á framfæri, skuli greiða mæðralaun auk barnalífeyris. Eiga mæðralaunin að nema sömu upphæð og fjölskyldubætur til hjóna með sama barnafjölda.

Samkv. þessu verða árleg mæðralaun ekkna og ógiftra kvenna, sem hér segir: Þegar börnin eru:

tvö	kr. 620.00	á 1. verðlagssvæði,	kr. 465.00	á 2. verðlagssvæði.
þrjú	— 1550.00	— 1.	— 1160.00	— 2.
fjögur	— 3410.00	— 1.	— 2555.00	— 2.

Séu börnin fleiri, hækka bæturnar um kr. 1860.00 á fyrsta verðlagssvæði og um kr. 1395.00 á öðru verðlagssvæði fyrir hvert barn, sem er umfram fjögur, allt miðað við vísitölu 155.

Samkvæmt skýrslum um einstæðar mæður, sem njóta barnalífeyris frá Tryggingastofnuninni, er barnafjöldi þeirra, að frádregnu fyrsta barni, um 1800, og áætluð mæðralaun vegna þeirra um 1.5 millj. króna. Mæðralaun og viðbótarfjölskyldubætur samkvæmt greininni má því áætla samtals a. m. k. 14 millj. króna á ári, miðað við 155 stiga vísitölu.

Um 5. gr.

Til þess að mæta útgjaldaaukningu þeirri, sem ákvæði 3. gr. hafa í för með sér og áætluð hefur verið 14 millj. kr. á ári, miðað við vísitölu 155, er hér gert ráð fyrir jafnri hækkingu á aðra tekjustofna en iðgjald samkvæmt 113. gr. laganna (slysa-tryggingariðgjald). Er hér um að ræða iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr., iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr., framlag sveitarfélaga samkvæmt 114 gr. og framlag ríkissjóðs samkvæmt 116. gr. laganna.

Áætlað var, að þessir tekjustofnar, að óbreyttum lögum, næmu um 82 millj. kr. árið 1953, miðað við vísitölu 155, og þarf hækking þessi því að nema 17%, til þess að hún geti staðið undir útgjaldaaukningunni. Samkvæmt því er hér gert ráð fyrir, að grunnupphæðir iðgjalda þessara og framlaga samkvæmt 24. gr. laga nr. 1 1952 hækki sem því svarar. Hækking þá t. d. grunniðgjald kvænts karls á 1. verðlagssvæði úr kr. 390.00 í kr. 455.00. Iðgjald þetta var árið 1952 með vísitöluálagi marzmánaðar það ár kr. 577.00 og hefði orðið árið 1953, miðað við vísitölu desembermánaðar s. l. (153 stig), kr. 597.00. Miðað við vísitölu 158 og hið hækkaða grunniðgjald, verður iðgjaldið 1953 kr. 719.00. Iðgjaldahækkun frá 1952 verður því kr. 142.00, þar af vegna samninganna við verkalýðsfélögin kr. 122.00. Önnur iðgjöld hækka tilsvarendi. Grunnframlag ríkissjóðs hækkingar um kr. 3.0 millj. og verður, miðað við vísitölu 158, ca. 33.4 millj. kr., eða um 6.4 millj. kr. hærra en á árinu 1952. Framlög sveitarfélaga í heild hækka á sama hátt í ca. 19.9 millj., eða um ca. 4 millj. kr.

Um 6. gr.

Í 25. gr. laga nr. 1 1952 var ákveðið, að grunnupphæðir bóta skuli hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun, og iðgjöld og framlög innheimt með álagi samkvæmt kaupgjaldsvísitölu. Reglur þær, sem laun eru greidd eftir, eru nú orðnar svo margbrotnar, að ekki verður hjá því komizt að taka af öll tvímæli um, hvornig bætur og iðgjöld skuli ákveðin. Þar sem bætur eru alltaf lægri en kr. 1830.00 í grunn á mánuði, verða þær greiddar með sömu vísitöluuppbót og greidd er á laun, sem ekki eru hærri en því nemur. Sú vísitöluuppbót þarf ekki að vera í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar, og er því aðeins lagt til að orðunum „vísitölu framfærslukostnaðar“ verði breytt í vísitölu.

Um iðgjöld og framlög gegnir öðru máli. Þarf því að ákveða, svo að ekki verði um villzt, við hvaða vísitölu álagið á þau skuli miðað ár hvert. Þykir sjálfsagt, að álagið á tekjustofnana sé hið sama og vísitöluuppbótin á bæturnar þann mánuð, sem við er miðað. Er því lagt til, að iðgjöld og framlög verði innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem kaupgjald láglaunafólks er miðað við.